

**Nd.**

**46. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráða-  
birgða verðhækkunartoll af útfluttum, íslenskum afurðum.

Frá fjárhagsnefndinni.

Frumvarp þetta, sem háttvirt deild vísaði til fjárhagsnefndar, hefir nefnd-  
in nú athugað. Var hún á einu máli um það, að frumv. væri sanngjarnt, og leggur  
því eindregið til, að það fái fram að ganga hið allra fyrsta.

Um hitt atriðið, hver forlög eigi að verða í framtíðinni verðhækkunar-  
tollslaganna í heild sinni, vanst nefndinni ekki tími til að taka fullnaðarákvörð-  
un að svo stöddu. Hefir hún í huga að taka það mál til sjerstakrar athugunar.  
Var það þegar samhljóða álit hennar, að þessi lög gætu ekki undir neinum atvik-

um framlengst í sömu mynd, sem þau eru nú í, hvort sem til greina kæmi eða ekki að gera einhverjar tillögur í líka átt og lögin, til þess að afla landssjóði tekna.

Alþingi, 10. júlí 1917.

Magnús Guðmundsson,  
form.

Gísli Sveinsson,  
skrifari og framsögum.

Þórarinn Jónsson. Þorsteinn M. Jónsson. Hákon J. Kristófersson.